

Geðsjúkdómur, hvað er það?

Frá Ölfu Jóhannsdóttur:

GEÐSJÚKDÓMUR getur verið lífs-hættulegur sjúkdómur sem höggvið hefur alltof stórt skarð í mannaúþjóða.

Hvaða skoðun hefur almenningur á geðsjúkdómum?

Jú, það er um að gera að láta alla geðsjúka afskiptalaus, því þeir eru svo hættulegir!

Hvers eigum við að gjalda sem er-um að berjast við þennan sjúkdóm?

Hægt er að bera saman krabbamein og geðsjúkdóma. Almenn- ingur hefur skilning á sjúkdómi eins og krabbameini. En sá sjúkdómur er ekki mikið frábrugðinn því hann er oft á tíðum ólæknandi en hægt að halda niðri með lyfjum.

Þegar kemur að því að tala um geð-lyf þá er oft sagt að fólk sé í döpínu!

Við skulum ekki gleyma að það er mikill munur hvort fólk er á lyfjum að læknisráði eða hvort það er að mis-nota lyf. Geðlyf eru af hinu góða, því

ef þau væru ekki til þá þyrfti að grípa til ráða sem notuð voru áður fyrr. Það var að notast við að setja sjúklinga til skiptis í heit og köld böð. Þetta var gert því það voru ekki til lyf. Hvernig haldið þið að það hafi verið? Það er kominn tími til að almenningur að fari að átta sig á þessum sjúkdómi því mikið hefur verið skrifað um þessi mál. En betur má ef duga skal. Þegar geðsjúklingur veikist þá loka margir á hann af hræðslu við að vita ekki hvernig á að koma fram við hann. Það er það versta sem við hann er gert. Í því felst höfnun og hún getur verið sár.

Sem betur fer þá höfum við lækna og hjúkrunarfólk og samsjúklinga sem skilja okkur.

Við getum víst ekkert að því gert að fá þennan sjúkdóm. Óskandi væri samt að almenningur gæti skilið þetta betur og léti ekki stjórnast af gömlum fordómum.

Í dag eru komin athvörfin Dvöl, Vin, Laut (á Akureyri) og samtök eins

og Geðhjálp og Geysir. Ég tel að þessi úrræði séu það sem koma skal. Ég hef kynnst þeim persónulega.

Þarna vinnur yndislegt fólk með mikla manngæsku sem tekur geð-sjúkdómum vel og kemur fram við geðsjúka eins og venjulegt fólk. Jafn-framt er reynt að virkja einstakling-inn og fá þannig fram það jákvæða sem í honum býr. Ég tel að þetta sé framtíðin, þessir staðir hafa náð ótrú-legum árangri og því er minna um innlagnir á spítala. Einnig eru komin ný lyf sem hjálpa mikið, jafnframt getur samtalsmeðferð virkað vel og jafnvel betur en geðlyf.

Ég vona að almenningur taki geð-sjúka í sátt og eins og hverjum öðrum manneskjum. Því geðsjúkir eru einnig manneskjur.

Ég vona að framtíðin beri í skauti sér meiri skilning og stuðning.

ALFA JÓHANNSDÓTTIR,
(gestur í Dvöl), Reynihvammi 43,
Kóp.